

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2320  
komudagur 17.5.2010

## Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr.73/1972, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.)

Reykjavík, 17. maí 2010

**Blindrabókasafn Íslands** hefur fengið í hendur frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum Þskj. 912 – 523. mál.

Blindrabókasafn Íslands fagnar sérstaklega þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á 19. grein laganna en vill þó gera eftirfarandi athugasemdir:

Í **19. gr.** er tekið fram að höfundar eigi rétt á sanngjörnum bótum vegna hljóðupptöku af bókmenntaverkum sem gerð er til þess að þeir, sem ekki geta nýtt sér prentað mál til lestrar, geti lesið þau. Hljóðupptökur þessar eru eingöngu ætlaðar til útlána fyrir leshamlaða.

Vegna ákvæðis um sanngjarnar bætur var gerður sérstakur samningur milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis f.h. Blindrabókasafns og Rithöfundasambands Íslands. Afar erfitt er að ákvarða hvað teljist sanngjarnar bætur í þessu tilfalli. Skoðun Blindrabókasafns er sú að ekki sé rétt að greiða sérstakar bætur þegar um er að ræða að veita blindum, sjónskertum og öðrum, sem ekki geta nýtt sér hefðbundið letur, sjálfsgöðan aðgang að efninu. Taka skal fram að enginn fjárhagslegur ávinningur ef af framleiðslu hljóðbókanna á Blindrabókasafni Íslands heldur er hér fyrst og fremst verið að hlúa að mannréttindum þessa hóps.

Blindrabókasafnið telur sanngjarnt að greiðslur fyrir útlán og afnot af hljóðbókum safnsins komi beint frá ríkinu en ekki af fjárveitingu Blindrabókasafns Íslands eins og nú er. Ekkert annað bókasafn á Íslandi þarf að greiða sérstaklega fyrir að auðvelda notendum sínum sjálfsgöðan aðgangi að lesefni. Lagt er til að ef ákvæði um sérstakar bætur heldur sér í 19. grein verði bætt við ákvæði sem felur í sér að þessar bætur komi úr Bókmenntasjóði eins og gerist með útlán á öðrum bókasöfnum. Í lögum nr. 91 28. mars 2007 um Bókmenntasjóð eru ákvæði um greiðslur ríkisins til höfunda fyrir útlán bóka þeirra á bókasöfnum og segir m.a. í III. kafla 4. grein: „Höfundar [...] eiga rétt á greiðslum fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum, sem eru rekin á kostnað ríkissjóðs eða sveitarfélaga, af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum. [...] Fyrir afnot hljóðrita og stafræns útgefins efnis er úthlutað á sama hátt.“

Í lögum um Blindrabókasafn Íslands eru ákvæði um samninga um greiðslur þess til Rithöfundasambands Íslands en í núgildandi samningum er Blindrabókasafninu gert að greiða Rithöfundasambandinu ákveðið gjald fyrir hvert eintak sem hljóðritað er og dreift til lánþega, auk almenns afnotagjalds, en safnið ber að auki ærinn kostnað af því að framleiða eintökin. Blindrabókasafnið telur að þessi gjöld geti valdið því að lánþegar þess sitji ekki við sama borð og aðrir þar sem safnið notar drjúgan hluta takmarkaðrar fjárveitingar sinnar til að greiða framleiðslu og afnotagjöld af hverjum titli en dregur úr framboði titla í samræmi við það.

Virðingarfyllst,

f.h. Blindrabókasafns Íslands

Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, forstöðumaður.

*Þóra Sigríður Ingólfssdóttir*